

Við stofnun nýs gæðaskjals í gæðakerfi er meginreglan sú að valinn er möguleikinn „Gæðaskjal úr sniðmáti“. Þá er valið viðeigandi sniðmát sem sett hafa verið upp í gæðakerfinu. Sniðmátin eru í samræmi við tegund gæðaskjala þ.e.:

Stefnuskjal	Almennt sniðmát fyrir stefnuskjöl (SSK).
Verkferill	Almennt sniðmát fyrir verkferil (VRF)
Vinnulýsing	Almennt sniðmát fyrir vinnulýsingu (VLY)
Leiðbeiningar	Almennt sniðmát fyrir leiðbeiningar (LBE)
Eyðublað	Almennt sniðmát fyrir eyðublöð (EBL)
Gátlisti	Almennt sniðmát fyrir gátlista (GAT)
Listi	Almennt sniðmát fyrir lista (LST)

Framangreind sniðmát í gæðakerfinu eru með sjálfvirka birtingu á auðkennum í síðufæti. Eftirfarandi auðkenni birtast þar sjálfkrafa:

- Útgáfudagsetning skjals á forminu dd.mm.yyyy
Dagsetningin birtist eingöngu við formlega útgáfu skjals í gæðakerfinu.
- Númer skjals, t.d. LBE-999
- Útgáfunúmer skjals, t.d. 1.0